

Dags. 17. desember 2008

Stjórnvaldssekt vegna brots á 2. mgr. 32. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003.

Þann 12. september 2008 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Derek Lovelock, forstjóra Mosaic Fashions hf., vegna brots á 2. mgr. 32. gr. þágildandi laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl.) en samsvarandi grein í núgildandi lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 er 78. og 86. gr.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Derek Lovelock hefði brotið gegn 2. mgr. 32. vvl. með því að gefa ekki út flöggunartilkynningu vegna sölu á 50.749.566 hlutum í Mosaic Fashions hf. en við söluna fór eignarhlutur hans úr 6,58% í 4,83%. Salan fór fram þann 22. júlí 2007 en ekki var gefin út flöggunartilkynning vegna víðskiptanna fyrr en þann 10. ágúst 2007.

Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. þágildandi laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003 bar aðila að tilkynna til skipulegs verðbréfamarkaðar og hlutafélags þegar í stað þegar hann næði, hækkaði upp fyrir eða lækkaði niður fyrir verulegan hlut. Verulegur hlutur var skilgreindur í 1. mgr. 32. gr. laganna (sbr. 1. mgr. 78. gr. núg. vvl.) sem 5% atkvæðisréttar eða nafnverðs hlutafjár, og margfeldi þar af, allt að 90%. Taldi Fjármálaeftirlitið að gefa hefði átt út flöggunartilkynningu vegna víðskiptanna þegar þegar í stað líkt og fram kemur í nefndu lagaákvæði, óháð því hvort tilboðstímabil vegna yfirtökutilboðs hafi staðið yfir er víðskiptin áttu sér stað. Tilkynningarskyldan skuli miðast við það tímamark þegar aðili hefur skuldbundið sig til að eiga víðskipti með því að samþykkja tilboð, óháð því hvernig og hvenær uppgjör vegna víðskiptanna fari fram.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti og 74. gr. þágildandi vvl. (sbr. 141. gr. núgildandi vvl.) var það mat Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 1.000.000.